

Fag: Myndmennt-mótun

Tímabil : vorönn 2026

Bekkur: 10

Kennari : Sigurbjörg

Markmið kennslu.

Kennsla og markmið:

Nemendur vinna mannshöfuð í steinleir. Markmiðið er að skoða þau form og afstöður sem eru í mannshöfðinu og andliti.

Gullinsnið er skoðað og gerðar mælingar á lengdum og afstöðum hluta andlits útfrá því. Hluturinn er að lokum hrábrenndur.

Leirmótun í Waldorfskólanum er unnin með það í huga að gera barninu kleift að velta fyrir sér og vinna með sköpunarferla og náttúrulega ferla t.d. umbreytingu, í efniviðinn og styrkja viljakraftinn sinn í gegnum þessa vinnu. Mótun stuðlar að betri rýmisvitund og þjálfar hendurnar í skynjun og fínhreyfingum auk þess að dýpka listræna skynjun og innsæi. Ennfremur er lögð áhersla á góð vinnubrögð, að geta lokið við hluti á vandaðan máta og að umgangast hráefni og verkfæri af alúð og ábyrgð.

Hæfniviðmið í Aðalnámsskrá

* nemandi getur: -fetað sig eftir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar, • - hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, • - unnið í skapandi ferli með frumkvæði og einbeitingu, • - haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, • unnið vel og skipulega að afmörkuðu verkefni. • - sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, • - lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum

Námsmat

Vinnumat kennara/leiðbeinandi mat.

Þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sjálfstæði

Skil á verkefnum og vinnumat.

Lögð er áhersla á leiðsagnarmat. Metnir þættir eru:

vinna og samvinna í tímum

Efni

Allt hráefni frá skóla.

--	--